

- 30 Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

31

L Ö G

1. apríl

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenskum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 1 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslensku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 200—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 200—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 500—10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 1 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Egsteinn Jónsson.